



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

RAKHMANÍNOV BEETHOVEN



23. FEBRÚAR 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Slavneskir dansar: 16'

Rapsódía: 24'

Sinfónía: 35'

Stephen Hough áritar geisladiska sína í hléi á 2. hæð fyrir framan Eldborg.

Uptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

FIM 23 FEB 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

RAKHMANÍNOV OG BEETHOVEN

Jun Märkl

hljómsveitarstjóri

Stephen Hough

einleikari

EFNISSKRÁ

Antonín Dvořák

Slavneskir dansar op. 46 (1878)

nr. 1: Furiant (Presto)

nr. 2: Dumka (Allegretto scherzando)

nr. 7: Scočná (Allegro assai)

nr. 8: Furiant (Presto)

Sergej Rakhmanínov

Rapsódía um stef eftir Paganini (1934)

Hlé

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 4 í B-dúr, op. 60 (1806)

Adagio – Allegro vivace

Adagio

Allegro vivace

Allegro ma non troppo

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en/sinfonia.is



🐦 @jun_maerkl

JUN MÄRKL

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Jun Märkl er fæddur í München. Móðir hans var japanskur konsertpíanisti og faðir hans þýskur fiðluleikari og virtur konsertmeistari. Märkl lærði fiðluleik, píanóleik og hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Hannover og hlaut síðar frekari þjálfun hjá Sergiu Celebidache í München og Gustav Meier í Michigan. Árið 1986 vann hann hljómsveitarstjórakeppni Þýska tónlistarráðsins og ári síðar hlaut hann styrk frá Sinfóníuhljómsveitinni í Boston til náms við sumarakademíu hljómsveitarinnar í Tanglewood og voru kennarar hans þar Leonard Bernstein og Seiji Ozawa. Í kjölfarið fylgdu verkefni við óperuhús í Evrópu og var Märkl tónlistarstjóri Ríkisleikhússins í Saarbrücken 1991–94 og Þjóðarleikhússins í Mannheim 1994–2000. Hann hefur um árabíl stjórnað við Ríkisóperurnar í Vínaurborg og München og við Semperóperuna í Dresden. Þá var hann fastráðinn við Bæversku ríkisóperuna til ársins 2006. Hann þreytti frumraun sína við Konunglegu óperuna í Lundúnum í Ragnarökum Wagners árið 1996 og tveimur árum síðar stjórnaði hann *Il trovatore* í Metropolitan óperunni í New York. Þá hefur hann stjórnað *Niflungahring* Wagners í Þýsku óperunni í Berlín og Nýja Þjóðarleikhúsinu í Tókýó.

Jun Märkl stjórnar mörgum af helstu hljómsveitum veraldar. Hann hefur um árabíl notið mikillar virðingar sem túlkandi símfónískrar tónlistar og óperutónlistar af þýska skólanum og hefur einnig hlotið mikið lof fyrir túlkun sína á verkum Debussys, Ravels og Messiaens. Märkl var aðalstjórnandi Þjóðarhljómsveitarinnar í Lyon frá 2005–2011 og MDR-hljómsveitarinnar í Dresden til 2012. Hann gegndi einnig stöðu aðalstjórnanda Basknesku þjóðarhljómsveitarinnar um tveggja ára skeið. Með þessum hljómsveitum ferðaðist hann vítt og breitt um heiminn. Túlkun Märkls á verkum fjölmargra tónskálda má finna á hljóðritum þekkra hljómsveita fyrir hin ýmsu útgáfufyrirtæki og nýlega var hann heiðraður fyrir níu diska útgáfu á verkum Debussys. Märkl hefur einu sinni áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands, haustið 2013 í verkum eftir Berlioz og Mendelssohn.



[@houghhough](#)


STEPHEN HOUGH

EINLEIKARI

Stephen Hough er einn virtasti og fjölhæfasti píanóleikari samtímans. Hann var fyrsti klassíski tónlistarmaðurinn til að hljóta hin eftirsóttu MacArthur-verðlaun árið 2001, hlaut viðurkenningu Royal Philharmonic Society 2010 og var sæmdur riddarakrossi (CBE) af Elísabetu Bretadrottningu árið 2014. Hann hefur komið fram með öllum helstu hljómsveitum heims og haldið einleikstónleika í London, New York (Carnegie Hall og Lincoln Center), París og Hong Kong, og komið fram í sjónvarpi með Berlínarfilharmóníunni og Sir Simon Rattle. Hann hefur einnig komið fram á fjölda tónlistarhátíða, m.a. í Aldeburgh, Edinborg, Salzburg og Tanglewood. Auk þess hefur hann komið fram yfir 20 sinnum á Proms-hátíð Breska ríkisútvarpsins.

Hough hefur hljóðritað yfir 50 geisladiska sem hafa hlotið ótal verðlaun, til dæmis Deutsche Schallplattenpreis, Diapason d'Or, nokkrar Grammy-tilnefningar og átta Gramophone-verðlaun, m.a. geisladisk ársins 1996 og 2003. Meðal nýjustu diska hans eru Lýrísk stykki eftir Grieg, einleiksdiskur með tónlist eftir Skrjábín og Janáček, og konsertar eftir Dvořák og Schumann ásamt Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham og Andris Nelsons.

Hough er einnig tónskáld og hefur samið verk fyrir hljómsveit, kór, kammerhópa og einleikspíanó. Þá er hann rithöfundur og skrifar reglulega um tónlist í The Guardian, The Times, Gramophone og BBC Music Magazine. Hann er búsettur í Lundúnum og gegnir prófessorsstöðum í píanóleik við Royal Academy of Music og við Juilliard-tónlistarháskólann í New York. Hough hefur einu sinni áður leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, í Háskólabíói vorið 2006 þegar píanókonsert nr. 4 eftir Camille Saint-Saëns var á efnisskránni.



ANTONÍN DVOŘÁK

SLAVNESKIR DANSAR OP. 46

Þjóðerniskennnd efldist til muna á 19. öld og með henni sú skoðun að listin skyldi bera einkenni þeirrar þjóðar sem fósttraði hana. Um þetta leyti tóku tónskáld í ýmsum löndum að skapa tónverk í þjóðlegum anda, allt frá einföldum útsetningum upp í sinfóníska smíði og óperur. Slík verk eflu þjóðarvitundina heima fyrir en vöktu einnig áhuga utanlands. Þegar vel tókst til náði hún metsölu, ekki síst smálög sem hentuðu áhugafólki. Í hinum smærri ríkjum álfunnar spratt þjóðleg tónsköpun fyrst og fremst úr pólitískri þörf; þær raddir urðu háværari sem kröfðust sjálfstæðis smáríkja og sameiningar þjóða sem töluðu sama tungumál. Þessi krafa grundvallaðist meðal annars á listsköpun þjóðanna og menningararfi. Þjóðar-tónskáld lögðu baráttunni lið og urðu táknmynd sjálfstæðis í menningarlegum skilningi.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Slavneskir dansar Dvořáks hafa hljómað hér á landi í ýmsum myndum gegnum tíðina. Björn Ólafsson og Árni Kristjánsson léku fyrsta dansinn á tónleikum árið 1939 og Adolf Busch lék nokkra þeirra á tónleikum sínum hér haustið 1945.

Hljómsveitargerðir dansanna hljómuðu einnig af og til á árum áður. Útvarpshljómsveitin lék einn dansanna undir stjórn Þórarins Guðmundssonar 1949 og Sinfóníuhljómsveitin lék slavneskan dans nr. 8 í hátíðarsal Háskólans 1957.

Antonín Dvořák (1841–1904) var eitt helsta þjóðartónskáld Bæheims, sem nú er í Tékklandi en var þá hluti af hinu víðfeðma austurríska keisaradæmi. Hann ólst upp í sveitum Bæheims og hóf feril sinn sem organisti og víóluleikari, meðal annars í hljómsveit óperuhússins. Að því kom að hann sagði starfi sínu lausu til að einbeita sér að tónsmíðum, og hagur hans vænkaðist þegar hann hlaut styrk til þeirra starfa frá austurríska ríkinu á árunum 1874–76. Svo vel vildi til að í dómnefnd áttu sæti tveir mektarmenn tónlistarlífs í Vínarborg, Eduard Hanslick og Johannes Brahms, sem heillaðist svo af tóntaki unga mannsins að hann tryggði honum umsvifalaust samning við forleggjara sinn.

Sá iðraðist ekki samningsins því að útgáfan hitti beint í mark: *Slavneskir dansar* op. 46 fyrir fjórhent píanó. Hér reri Dvořák á svipuð mið og Brahms í *Ungverskum dónsum* sínum nokkrum árum fyrr, og vinsældirnar voru slíkar að annar flokkur slavneskra þjóðdansa fylgdi á eftir. Hér í kvöld hljóma fjórir dansar sem allir eru fremur hraðir. Hinir tveir ytri eru fjörugir og tilþrifamiklir en dansar nr. 2 og 7 eru öllu afslappaðri.



SERGEJ RAKHMÁNÍNOV

RAPSÓDÍA UM STEF EFTIR PAGANINI

Sergej Rakhmanínov (1873–1943) var eitt mesta píanó-tónskáld fyrri hluta 20. aldar. Hann sótti í arfleifð síð-rómantikur, tónlist hans er tilfinningarík og angurvær í bland við frækin tæknitilþrif. Sjálfur var hann einn mesti píanisti sinnar tíðar og enn er getið um risavaxnar krumflur hans í *Heimsmetabók Guinness* sem hinar stærstu sem vitað er um í faginu.

Rakhmanínov lærði við Tónlistarháskólann í Moskvu; eftir útskrift þaðan hélt hann heimili í borginni en hélt tónleika víða um heim. Eftir rússnesku byltinguna árið 1917 settist hann að í Bandaríkjunum og varð að sjá fjölskyldu sinni farborða með tónleikahaldi. Því gafst lítið næði til tónsmíða nema yfir sumarmánuðina. Aðeins ein tónsmíð hans frá Ameríkuárunum hefur náð verulegri hylli, *Rapsódía um stef eftir Paganini* (1934) fyrir píanó og hljómsveit. Frumflutningurinn fór fram í Fíladelftu undir stjórn Leopolds Stokowski við mikinn fögnuð. Varla hefur Rakhmanínov grunað að þetta yrði síðasta verk sitt fyrir píanó en sú varð engu að síður raunin. Einu verkin sem hann átti eftir ósamin voru þriðja sínfónían (1936) og *Sínfónískir dansar* fyrir hljómsveit (1940).

Í rapsódíunni byggir hann á 24. kaprísu fiðlusnillingins Niccolòs Paganini, sem hefur orðið ótal tónskáldum efniviður allt fram á okkar daga. Rapsódían hefst með snaggaralegum inngangi og stuttri upphitun þar sem einungis heyrast bassaröðð stefnsins en ekki lagið sjálft. Því næst er stef Paganinis leikið af fiðlum, sem á vel við þar sem þær þekkjja upprunalega gerð þess öðrum betur. Í sjöunda tilbrigði kynnir Rakhmanínov til leiks alls óskýlt stef: *Dies irae*-sönginn úr sálumessu kaþólskra. Þetta stef var honum einkar hugleikið og hann vísaði til þess í allmörgum verka sinna.

Átjándi tilbrigði rapsódíunnar hefur öðru fremur tryggt verkinu ódauðleika. „Ég samdi þetta tilbrigði fyrir umboðsmanninn minn“ á tónskáldið að hafa sagt, en það breytir ekki því að snilldin er ótvíræð, ekki síst þegar haft er í huga að nýja stefið er fengið með því að snúa stafi Paganinis á hvolf. Eftir þetta ljóðræna hliðarspor tekur einleikarinn aftur til við fingurbjótaspilamennsku. Lokataktarnir sanna hvort tveggja í senn, tæknilega yfirburði einleikarans og afburða tónsmíðagáfur Rakhmanínovs sem hristir saman skælbrosandi léttleika, brúnaþunga jarðarfarar-músík og tilþrifamikla flugeldasýningu af fyrstu gráðu.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Átta píanistar hafa áður flutt Paganini-rapsódíuna með Sí. Meðal þeirra eru Christina Ortiz (með Vladimir Ashkenazy við stjórnvöllinn, 1975), Andrei Gavrilov (1990), Þorsteinn Gauti Sigurðsson (1994), Lilya Zilberstein (í tónleikaferð Sí um Þýskaland og Austurríki 2007) og Víkingur Heiðar Ólafsson (2010).



LUDWIG VAN BEETHOVEN

SINFÓNÍA NR. 4

Ludwig van Beethoven (1770–1827) var einn þeirra listamanna sem breyttu gangi tónlistarsögunnar. Þetta gerði hann meðal annars með níu sinfóníum sem eru löngu komnar í flokk með helstu meistaraverkum vestrænnar menningar. Vínarborg var ekki miðpunktur sinfóníusköpunar í Evrópu þegar Beethoven hóf feril sinn – þar var engin sinfóníuhljómsveit með fasta tónleikaröð eins og í París eða Lundúnum – en formið hentaði tónhugsun hans með eindæmum vel. Þegar Beethoven lést var sinfónían orðin eitt stærsta og mikilvægasta form tónlistarinnar; mælikvarði á frumleika og tæknilega kunnáttu hvers tónskálds. Í höndum Beethovens varð sinfónían form mikilla átaka. Í tónlist sinni speglaði hann bæði sitt eigið sálarástand og heiminn allan í mikilfengleika sínum og fjölbreytileika, fegurð og illsku, gleði og ljótleika.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sí hefur 20 sinnum áður flutt fjórðu sinfóníu Beethovens, fyrst undir stjórn Olavs Kjielland í Þjóðleikhúsinu 1952 og aftur ári síðar. Síðan hafa m.a. stjórnað sinfóníunni þeir Igor Buketoff (1965), Jean-Pierre Jacquillat (1982 og 1985), Jerzy Maksymiuk (1995), Rico Saccani (1999), Krzysztof Penderecki (2006), Lionel Bringuier (2009) og Hannu Lintu (2011).

„Hún er grannvaxin grísk gyðja sem stendur milli tveggja norrænna risa,“ sagði Robert Schumann eitt sinn um fjórðu sinfóníu Beethovens. Með þessu átti hann við að sú fjórða væri bæði styttri og ekki eins átakanlega dramatísk og þær sem komu á undan og eftir, Hetjuhljómkviðan (nr. 3) og Örlagasinfónían (nr. 5). Samtímamenn Beethovens gátu líka greint þennan mun og voru hæstánægðir með að tónskáldið hefði tekið skref afturábak, enda höfðu furðulegheitin í *Eroicu* nærri riðið þeim að fullu. Gagnrýnandi *Allgemeine Musikalische Zeitung* sagði árið 1812 um þá fjórðu að hún væri „full af þeim frumleika og orku sem einkenndu fyrri verk tónskáldsins, áður en þau tóku að bjagast með ýmiss konar skringilegheitum [*Bizarrenen*] eins og heyra má í *Eroicu* og *Pastoral*-sinfóníunni.“ Líklega er umræddur gagnrýnandi einn fárra sem hefur séð ástæðu til að fetta fingur út í hugljúfa sveitasinfóníuna hvað þetta varðar.

Fjórða sinfónían er að mörgu leyti „klassískt“ verk, hún er þokkafull og stígur létt til jarðar. Hljómsveitin er smærri en í *Eroicu*: ein flauta, tvö hvers hinna tréblásturshljóðfæranna, tvö horn, trompetar, pákur og strengir. Svo virðist sem Beethoven hafi aðallega unnið að verkinu sumarið 1806, skömmu eftir að hann lauk við fjórða píanókonsertinn og fyrsta Razumovskystrengjakvartettinn. Hann var þegar byrjaður að leggja fyrstu drög að fimmtu sinfóníunni þegar hér var komið sögu, en lagði þau til hliðar fyrir áðurnefnd verk. Sú fjórða var frumflutt á einkatónleikum í Lobkowitz-höllinni í Vínarborg í mars 1807, ásamt fjórða píanókonsertinum og *Coriolan*-forleiknum, sem einnig heyrðust í fyrsta sinn við sama tækifæri.

Eins og fyrstu tvær símfóníur Beethovens hefst sú fjórða á hægum inngangi, og er hann dökkur og dulúðlegur. Andstæðurnar eru sterkar og krassandi – úr *pianissimo* í *fortissimo* á örskotsstundu – og jafnvel í ljóðrænum hendingum seinna aðalstefisins er kímniháfa tónskáldsins í forgrunni. Um miðbik þáttarins taka tífandi upphafsnótarnar á sig margskonar svip. Beethoven flakkar milli tóntegunda á ævintýrlegan hátt; nýtt ljóðrænt stef myndar skemmtilega andstæðu við stuttu nótarnar sem fylgja því úr hlaði, og smám saman hægir á tónlistinni þar náð hefur verið kyrrstöðu á einum hljómi, sem gefur vísbendingu um að brátt fáum við aftur að heyra upphafsstefið enn á ný. En Beethoven fer aldrei auðveldustu leið að markinu: hljómurinn sem strengir og pákur lenda á er einum tóni hærra en við búumst við. Eins og góðum töframanni sæmir hættir Beethoven sjónhverfingunum á hárréttu augnabliki og fer með okkur aftur á heimaslóð.

Hægi kaflinn er ljóðrænt Adagio, sem raunar er síðasti verulega *hægi* þátturinn í símfóníum Beethovens allt fram að þeirri níundu. Aðalstefið hljómar í fiðlum og Beethoven leggur mikla áherslu á söngræna eiginleika þess, enda hefur verið bent á að hann hafi líklega aldrei notað ítalska orðið *cantabile* (syngjandi) jafnoft í einum kafla eins og hér. Tónlistin er á stöðugri hreyfingu allt þar til undir lokin, þegar upphafsstefið hljómar í síðasta sinn leikið af flautu og klarínnettu.

Þriðji þáttur er scherzó, og líkt og Beethoven gerði í sjöundu símfóníunni og víðar fer hann tvisvar í gegnum hið hefðbundna form – scherzó-trío-scherzó – svo úr verður kafla í fimm hlutum: scherzó-trío-scherzó-trío-scherzó. Hér sprettir Beethoven heldur betur úr spori, og tónlistin á það til að vera algjörlega ófyrirsjáanleg bæði hvað varðar tóntegund og hryn. Kaflinn er í þrískiptum takti en af og til er hrynurinn í andstöðu við taktstrikið, svo að grunlausum hlustanda finnst tónlistin vera í tvískiptum takti um stundarsakir.

Lokakaflinn er sprúðlandi rondó sem sýnir enn og aftur þakarskuld Beethovens við Haydn. Líklega lærði hann þó meira af sjálfum verkum þessa fyrrum kennara síns – í þessu tilfelli símfóníu nr. 102 – heldur en í tónsmíðatímunum sem slíkum. Hér hljóma sitt á hvað þokkafullar laglínur og ómstríðir hljómar, og Beethoven sveiflar sér upp og niður tónstiga og milli tóntegunda eins og ekkert sé. Óvæntar uppákomur eru hreinlega of margar til að hægt sé að telja upp, en eitt dæmi verður látið nægja. Undir lokin hægir Beethoven rækilega á upphafsstefinu, svo það hljómar eins og hann sé um það bil að gefast upp á miðri leið – eða sé hreinlega búinn að gleyma framhaldinu – áður en hann steypir sér tvíefldur í lokataktana.

Árni Heimir Ingólfsson

Á DÖFINNI

FEB 24 18:00



FÖSTUDAGSRÖÐIN

Próun tónlistarinnar hefur alla tíð grundvallast á verkum framsækinna byltingarmanna sem vildu breyta bæði listinni og heiminum. Á þessum tónleikum hljóma verk eftir tvö framsækin tónskáld 20. aldar, Edgard Varèse og John Cage auk Beethovens sem markaði nýja leið í tónlistinni. Hljómsveitarstjóri er Jun Märkl.

FOS 09 MAR 19:30

PIÁNÓKONSERTAR BEETHOVENS I



Fáir píánóleikarar hafa hlotið þvílíkt lof síðustu ár fyrir túlkun á verkum Beethovens og enski píánistinn Paul Lewis. Nú mun Lewis leika alla fimm píánókonserta Beethovens á þrennum tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, í mars og september 2017, og febrúar 2018. Með konsertunum hljóma sínfóníur eftir þrjá samtímamenn Beethovens sem einnig settu mark sitt á tónlistarlífið í Vínarborg: Haydn, Mozart og Schubert. Það er vel við hæfi að hefja þennan Beethoven-hring á konsertinum nr. 2, því hann er hinn elsti af útgefnum konsertum Beethovens hvað sem raðtölum líður. Greina má áhrif Mozarts í ljúfum og áreynslulausum hendingunum, en í hinum kraftmikla konserti nr. 3 hefur Beethoven fundið sinn eigin dramatíska tón. „Kraftaverks“- sínfónía Haydns er einnig á dagskrá undir stjórn Matthews Halls.

FIM 16 MAR 19:30



OSMO STJÓRNAR BEETHOVEN

Osmo Vänskä þykir einn eftirtektarverðasti Beethoven-túlkandi okkar daga. Hér hljómar hin dásamlega sjöunda sínfónía Beethovens, sem er ein sú fjögugasta sem hann samdi og sem Wagnerkallaði „fullkomnun dansins“. Rússneski píánistinn Yevgeni Sudbin hefur á undanföllum árum sópað að sér verðlaunum fyrir leik sinn. Hann flytur hér hinn guðdómlega A-dúr konsert Mozarts, þar sem skiptast á skin og skúrir með eftirminnilegum hætti. Einnig má heyra verkið Mínea eftir finnska tónskáldið Kalevi Aho sem samið var árið 2008 fyrir Minnesota-hljómsveitina og Osmo Vänskä. Fá nýleg hljómsveitarverk hafa hlotið jafn einróma lof gagnrýnenda og áheyrenda.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

23. FEBRÚAR 2017

1. FIDLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Andrzej Kleina
Pascal La Rosa
Ágústa María Jónsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Pálína Árnadóttir
Lin Wei
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir

2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Christian Diethard

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Margrét Hjaltested
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Vigdís Másdóttir
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir

SELLÓ

Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Júlía Mogensen
Margrét Árnadóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Felicia Greciuc
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Eugenie Ricard

HORN

Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar St. Jónsson
Ásgeir Steingrímsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Carl Roine Hultgren

HARPA

Elisabet Waage

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðgurnar Inga Rós Ingólfssdóttir og Guðrún Hrund Harðardóttir eru samstíga í tónlistinni.

Guðrún Hrund: Maður hefur verið viðloðandi sveitina alla tíð. Í Háskólabíói fékk ég að vera í fatahenginu og hljóp svo inn á svið sem blómadama. **Inga Rós:** Einmitt, það veitti þér auðvitað innsýn í þennan heim mjög snemma. **Guðrún Hrund:** Já, þetta var dýrmætt.

Þekktar tónlistarfjölskyldur eru þó nokkrar í tónlistarsögunni, bæði þegar kemur að tónskáldum og flytjendum. Í því sem stundum er kallað sígild tónlist er Bach fjölskyldan án ef þekktasta dæmið en tónlist Johanns Sebastian Bach er reglulega að finna í efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Ef tónlistarfjölskyldur fyrirfinnast á Íslandi þá tilheyra þær Inga Rós Ingólfssdóttir og Guðrún Hrund Harðardóttir svo sannarlega einni slíkri og báðar þekkja þær vel til verka meistara Bach.

Þær mæðgur eiga strengina sameiginlega, strjúka strengi sellósins og víólunnar sem líkt og fadmast bæði í tónhæð og hljómi. Í góðu sinfónísku tónverki er engin rödd mikilvægari en önnur og í bestu tónverkunum finnst hlustandanum jafnvel að ekki sé hægt að hnika til einum einasta tóni, svo fullkominn er tónheimurinn.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is

